

Kópavogsbær
Smári Smáráson,
skipulagsstjóri
Fannborg 2
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. september 2008
Tilvísun: UST20080700148/ksj

Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012. Glaðheimar

Vísað er til erindis frá skipulagsstjóra Kópavogs er barst Umhverfisstofnun þann 28. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000 – 2012. Erindinu fylgja uppdráttur, umhverfisskýrsla og áfangaskýrsla um umferðarsköpun svæðisins.

Tillaga um breytt Aðalskipulag Kópavogs 2000 – 2012, Glaðheimar, felur í sér að 14.000 m² af sérhæfðu húsnæði verður rífið. Glaðheimasvæðið er alls 12,6 ha og samtals er áætlað að byggja þar 158.000 m² húsnæðis auk bílastæðakjallara. Umferðarsköpun svæðisins er talin verða 34.000 bílar á sólarhring.

Áætlað er að byggja 130.000 m² af af verslunar- og þjónustuhúsnæði á svæðinu og 28.000 m² af íbúðarhúsnæði. Bílakjallarar eru ekki reiknaðir inn í ofangreinda fermetra. Áhersla er lögð á að svara bílastæðapörf byggðarinnar að mestu leyti í bílastæðakjöllurum neðanjarðar.

Fram kemur í inngangi umhverfisskýrslu er fylgir erindinu að stefnumörkun um uppbyggingu Glaðheimasvæðis muni fela í sér framkvæmdir sem eru matskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og verða áhrif þeirra metin á seinni stigum.

Skipulagstillagan felur í sér eftirfarandi breytingar:

- Opnu svæði til sérstakra nota (hesthúsabyggð) er breytt í verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði (áhaldahús) og hluta af opnu svæði til sérstakra nota (hesthúsabyggð) er breytt í blandaða notkun verslun – og þjónustu og íbúðarsvæði.
- Reiðleiðir að og frá svæðinu að Kópavogskirkjugarði falla út.
- Gönguleiðir breytast
- Gert er ráð fyrir nýjum undirgöngum undir Reykjanesbraut fyrir bæði gangandi og akandi umferð frá Hæðarsmára.
- Tákn fyrir undirgöng eru sett inn í stað tákns fyrir mislæg gatnamót við Lindir IV. Undirgöngin eru ætluð bæði akandi og gangandi umferð.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna og umhverfisskýrslu.

Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar

Glaðheimasvæðið er 12,6 hektarar að stærð og verður skipulagt sem ein heild og er áætlað byggingarmagn alls 158.000 m², þannig að ljóst er að nýtingarhlutfall á svæðinu er áætlað hátt. Athygli vekur að ekkert kemur fram um hæðir væntanlegra húsa nema það að þau verði háreist og hæstu húsin verði við Reykjanesbraut. Fram kemur að bílastæði verði að mestu leyti leyst neðanjarðar en ekkert kemur fram um væntanlegt umfang bílakjallara og stærð þeirra í fermetrum.

Í skýrslunni *Glaðheimar- Kópavogi Umferðarsköpun og áhrif á gatnakerfi* er gert ráð fyrir að ástand á vegum umhverfis Glaðheima verði viðunandi þrátt fyrir áætlanir um uppbyggingu, en einungis ef Arnarnesvegur verður breikkaður í 4 akreinar, ef að ráðist verður í breikkun Reykjanesbrautar í 6 akreinar sunnan Breiðholtsbrautar/Nýbýlavegar, og ef bætt er við 1+1 akrein við Reykjanesbraut á kaflanum milli Arnarnesvegar og Breiðholtsbraut/Nýbýlavegar. Umhverfisstofnun telur ljóst að ofangreindar framkvæmdir við umferðarmannvirki verði að vera á sama tíma og framkvæmdir á Glaðheimasvæðinu. Athygli vekur að við allar þessar framkvæmdir telur skýrslan að aðstæður verði viðunandi.

Aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu kemur fram að fyrirhuguð skipulagsbreyting á Glaðheimasvæðinu markar stefnu sem hefur í för með sér aukinn útblástur mengunarefna vegna umferðar sem gengur þvert á stefnumörkun stjórnvalda. Í ritinu : **Velferð til framtíðar – stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun til 2020**, er mótuð stefna um að halda loftmengun af völdum umferðar í lágmarki, en þar er eitt af markmiðum um heilnæmt andrúmsloft: „*Dregið verði úr loftmengun á höfuðborgarsvæðinu þannig að hún verði umtalsvert lægri innan nokkurra ára en í dag.*” Í umhverfisskýrslu kemur einnig fram að mótvægisáðgerðir verði þær að unnið verði að því í samráði við heilbrigðisyfirvöld að fylgjast með loftmengun og bregðast við ef talið er líklegt að mengun fari yfir heilsuverndarmörk. Umhverfisstofnun telur að í breytingartillögunni eigi að koma fram viðbragðsáætlun um áðgerðir ef loftmengun fer yfir heilsuverndarmörk.

Umhverfismat

Umferðarsköpun frá svæðinu

Í umfjöllun um umferðarsköpun frá Glaðheimasvæðinu ef af áætlaðri uppbyggingu verður kemur fram að umferðarsköpun svæðisins mun hafa áhrif til umferðaraukningar innan gatnakerfis Kópavogs sem og á svæðisvísu vegna tengingar við Reykjanesbraut.

Umhverfisþættir

Í umhverfisskýrslu er farið yfir umhverfisþætti sem líklegir eru til að verða fyrir áhrifum af ofangreindri tillögu um breytt aðalskipulag, en þeir eru loftgæði, almenn ásýnd svæðisins, félagslegt umhverfi, efnahagur og atvinnulíf og eignir. Umhverfisstofnun telur umfjöllun um áhrif skipulagstillögunnar á ofangreinda umhverfisþætti yfirborðskennnda. Í samanburðartöflu yfir andrúmsloft ef af uppbyggingu Glaðheimasvæðis yrði annars vegar og óbreytt ástand hins vegar fá báðir kostir „mínus“. Umhverfisstofnun telur að uppbygging Glaðheimasvæðis ætti að sýna „tvo mínusa“ sem þýða verulega neikvæð áhrif, enda er fullyrft að andrúmsloft verði fyrir neikvæðum áhrifum af völdum aukinnar umferðar. Fjalla þyrfti um hvaða áhrif slík aukning loftmengunar gæti haft á íbúa í nágrenni Glaðheimasvæðis. Varðandi borgarlandslag er fullyrft að ásýnd svæðisins muni gjörbreytast. Ekki er farið yfir það hvaða áhrif þessar miklu ásýndarbreytingar muni hafa á gróin hverfi í nágrenninu og íbúa þeirra, einungis fullyrft að áhrifin séu neikvæð í augum þeirra sem ekki kunna við háreista byggð.

Umhverfisstofnun telur eðlilegt að fjallað sé um áhrif þessara miklu breytinga á útsýni frá húsum í Lindarhverfi í átt til vesturs og stofnunin telur að fjalla þyrfti um veðurfarsleg áhrif háreistrar byggðar t.d. myndun sviptivinda á nálæga byggð. Hvað varðar áhrif tillögunnar á félagslegt umhverfi eru skólamálin skoðuð. Ekki koma fram áhrif þess að gönguleiðir munu breytast eða hvaða áhrif miklar breytingar á gatnakerfi í nágrenni svæðisins hafi á íbúa í grónum hverfum í nágrenninu. Fullyrt er að eignir í nágrenni Glaðheimasvæðis verði verðmætari ef af uppbyggingu verður án þess að skýra það út eða færa fyrir því rök. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að í umhverfisskýrslu er ekkert fjallað um áhrif aukinnar umferðar á hljóðvist og hvaða áhrif það mun hafa á nærliggjandi umhverfi.

Loftegæði

Á bls. 16 í framangreindri umhverfisskýrslu kemur eftirfarandi fram: „*Ofangreindir útreikningar gerðu ráð fyrir að styrkur svifryks væri $25\mu\text{g}/\text{m}^3$ sem er töluvert undir viðmiðunarmörkum. Ekki er þess að vænta að aukning vegna Glaðheima verði þess valdandi að styrkurinn fari yfir heilsuverndarmörk.*“

Umhverfisstofnun ítrekar það sem hún benti á í umsögn um tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Glaðheimar dagsettri 25.janúar 2008. Þar er bent á að í þessum útreikningum Vatnaskila sem vitnað er til frá 2001 er eingöngu tekið tillit til þess svifryks sem er í útbæstri bíla, þ.e. sóts, en ekki svifryks vegna malbiksslits eða annara jarðvegsagna sem þyrlast upp frá akbraut. Í þessum útreikningum er því stærsta mengunarvaldinum að vetri til sleppt. Í skýrslu Iðntæknistofnunar frá 2003 kemur fram að svifryk frá útblæstri (sót) er að meðaltali 7 % svifryks í Reykjavík á miklum mengunardögum. Aðrar uppsprettur skapa 93% svifryksins. Þegar sagt er að styrkur svifryks verði $25\mu\text{g}/\text{m}^3$ er horft fram hjá 93% svifryksins sé miðað við niðurstöður skýrslu Iðntæknistofnunar.

Það kemur fram í mengunarspá Vatnaskila að ekki sé gert ráð fyrir svifryki frá malbikssliti. Reyndar segir þar líka að svifryk vegna malbiksslits sé til staðar allstaðar á höfuðborgarsvæðinu og því ekki bundið sérstaklega við umrædda framkvæmd sem mengunarspáin var gerð um á sínum tíma. Umhverfisstofnun hafnar alfarið þessum röksemdum því með sömu rökum mætti segja að mengun vegna köfnunarefnisoxíðs sé allstaðar á höfuðborgarsvæðinu og því ekki bundið sérstaklega við þessa framkvæmd.

Að mati Umhverfisstofnunar stenst það einfaldlega ekki að sólhringsmeðaltal svifryks við Glaðheima verði alltaf innan við $25\mu\text{g}/\text{m}^3$ eins og sagt er í umhverfisskýrslunni á bls 16. Því til stuðnings má nefna að sólhringsmeðaltal í Fjölskyldu og húsdýragarðinum í Reykjavík fór 9 sinnum yfir heilsuverndarmörk ($50\mu\text{g}/\text{m}^3$) árið 2005.


Því miður eru ekki til mælingar á styrk svifryks við Reykjanesbrautina á þessu svæði en líklegt má telja að styrkur svifryks í andrúmslofti fari nú þegar oft á ári yfir heilsuverndarmörk á þessu svæði. Í mælistöðinni við gatnamót Grensásvegar og Miklubrautar fór svifryk yfir heilsuverndarmörk frá 15 sinnum á ári upp í 45 sinnum á ári á tímabilinu 1996-2006. Um Miklubraut fara í dag 56 þúsund bílar á dag. Árið 2007 var umferðin á Reykjanesbraut við Dalveg 45 þúsund bílar á dag og samkvæmt umferðarspá fyrir Glaðheimasvæðið árið 2024 er gert ráð fyrir allt að 104 þúsund bílum á dag um Reykjanesbrautina án uppbyggingar á Glaðheimasvæðinu en 107 þúsund bílum á dag ef að af uppbyggingu á Glaðheimasvæðinu verður.


Niðurstaða

Ofangreind tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000 - 2012 gerir ráð fyrir miklum breytingum á svokölluðu Glaðheimasvæði og fullyrt er í umhverfisskýrslu að ásýnd svæðisins muni gjörbreytast. Í stað opins svæðis til sérstakra nota (hesthúsabyggð) er gert ráð fyrir að reisa 158.000 fermetra byggð með skrifstofuhúsnæði og íbúðarbyggð.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um umhverfisþætti sem mögulega verða fyrir áhrifum áætlunarinnar yfirborðskennnda. Umhverfisstofnun gerir alvarlegar athugasemdir við að ekki er fjallað um hljóðvist í umhverfismati umhverfisskýrslunnar. Loftgæði á svæðinu umhverfis Glaðheima munu versna þar sem umferðarsköpun svæðisins mun leiða til mikillar umferðaukningar innan gatnakerfis Kópavogs. Allt bendir til að loftmengun þ.e. mengun frá útblæstri bifreiða og annað svifryk tengt umferð komi til með að fara yfir heilsuverndarmörk oft á ári ef miðað er við umferðarmagn og það borið saman við mælingar á miklum umferðargötum annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Í umhverfisskýrslu kemur fram að áform eru uppi um vöktun loftgæða. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi aðgerðaráætlun um viðbrögð ef loftmengun fer yfir heilsuverndarmörk.

Virðingarfyllst


Þorsteinn Jóhannsson
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun